



Selfossi 25. febrúar, 2011
-----KEi/kei/gp-----

Fundargerð stjórnar

101. fundur stjórnar Brunavarna Árnessýslu (BÁ) haldinn föstudaginn 25. febrúar, 2011 að Austurvegi 67, Selfossi. (Veitustofnun Árborgar)

Mættir:

Eyþór Arnalds, formaður, Ólafur Örn Ólafsson og Gunnar Þorgeirsson.

Einnig mætti á fundinn: Kristján Einarsson, slökkviliðsstjóri og Pétur Pétursson varaslökkviliðsstjóri.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 9.50

1. Húsaleigumál B.A.

Kristján og Pétur greindu frá fundum sem þeir hafa átt með fulltrúum sveitarfélaganna í Bláskógabyggð, Skeiða- og Gnúpverjahrepp og Ölfusi varðandi leigumál B.A. á þessum stöðum.

Tílefni þessara funda er að ræða breytingar á leiguverði samkv. samþykkt fyrri stjórnar B.A. að skuli gert þegar hillti undir flutning B.A. í nýjar höfuðstöðvar á Selfossi.

Fram kom hjá Kristjáni og Pétri að ástand slökkvistöðva er mjög misjafnt og aðstaða slökkviliðsmanna sömu leiðis.

Slökkvistöðin í Þorlákshöfn er einna best en þar verður unnið að úrbótum á hitakerfi og ljósum, stöðin máluð og settir upp fatarekkar.

Slökkvistöðin á Laugarvatni þarf úrbóta við. Veggur sem aðskilur slökkvistöð frá áhaldageymslu er íþyngjandi þar sem hann þrengir mjög að allri umgengni við slökkvibílinn. Einnig er lofthæð lítil.

Fram kom hjá Kristjáni að fulltrúar Bláskógabyggðar buðu fyrir tveimur árum B.A. að leigja helming áhaldhússins undir kerru slökkviliðsins sem nú er geymd á öðrum stað á Laugarvatni. Með þessu myndi rýmkast um slökkvibílinn.

Stjórn B.A. samþykkti þessa 24 m² stækkun á sínum tíma en ekkert hefur orðið að henni þar sem ekki hefur verið ráðist í að færa vegginn og setja upp nýja rafdrifna iðnaðarhurð.

Kristján greindi frá því að á síðasta fundi með fulltrúum Bláskógabyggðar, þeim Drífu Kristjánsdóttur, Valtý Valtýssyni og Halldóri Karli Hermannssyni hefði þau boðið B.A. að leigja allt húsið. Um er að ræða 45 m² stækkun, fer rýmið þá úr 72,5 m² í 117,3 m².

Slökkvistöðin Reykholti er einna síst þeirra slökkvistöðva sem eru á vegum B.A. Fram kom að á umræddum fundi með fulltrúum Bláskógabyggðar í upphafi febrúar, hefði verið rætt að laga mætti aðstöðuna til muna með því að færa slökkvistöðina til í núverandi húsnæði. Staðsetja hana nær skrifstofu- og fundaraðstöðu áhaldahússins og samnýta þetta rými fyrir slökkviliðsmenn. Einnig fengist útkeyrsla út á planið fyrir framan áhaldahúsið sem fyrirhugað er að malbika á sumri komanda.

Ekki yrði um stærðaraukningu að ræða, né minnkun.

Slökkvistöðin í Árnosi er minnsta stöðin sem er á vegum BÁ, 54 m². Ekki er mikil aðstaða fyrir slökkviliðsmenn en þeir hafa fengið inni hjá björgunarfélaginu sem er með næsta bil við slökkvistöðina, í sama húsi. Lág er til lofts og ekki mögulegt að koma fyrir rafdrifinni iðnaðarhurð. Kristján og Pétur greindu frá fundi sem þeir áttu með oddvita sveitarfélagsins, Gunnari Marteinsyni, þar sem margt kom fram sem snýr að hugsanlegri framtíðaruppbyggingu stöðvarinnar.

Töluverð umræða varð um húsaleigumál BÁ þar sem fram komu ýmsar tillögur um útfærslu leiguverðs og viðhaldsmál og framtíðarrekstur slökkvistöðva.

Samþykkt.

- **Slökkvistöðin í Þorlákshöfn.**
Kristjáni og Pétri falið að ræða við fulltrúa Ölfuss út frá umræðum á fundinum.
- **Slökkvistöðin á Laugarvatni**
Leigja allt húsnæðið á grundvelli fylgiskjals sem lág fyrir. Kristjáni og Pétri falið að ræða við fulltrúa Bláskógabyggðar út frá umræðum á fundinum.
- **Slökkvistöðin Reykholti**
Stjórn fagnar því að breytingar verði gerðar sem snúa að endurbótum fyrir slökkviliðsmenn.
- **Slökkvistöðin í Árnosi**
Kristjáni og Pétri falið að ræða við fulltrúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps út frá umræðum á fundinum.
- **Heildarrekstur slökkvistöðva**
Kristjáni falið að leggja fyrir stjórn BÁ tillögur um rekstur slökkvistöðva.

2. **Samstarfs- og sameiningarmál.**

Kristján og Pétur greindu frá óformlegum fundum sem þeir hafa átt með bæjarstjóra Hveragerðis um núverandi samstarf og hugsanlega sameiningu. Leiguverð slökkvistöðvar er m.a. eitt af þeim málum sem rædd voru á þeim fundum.

Samþykkt að Kristjáni og Pétri sé falið að ræða við bæjarstjóra Hveragerðis út frá umræðum á fundinum.

3. **Rekstrarmál**

Pétur sýndi stjórnarmönnum vinnuskjal sem hann, Kristján og Unna hafa verið að vinna að með góðri aðstoð frá rekstardeild SHS. Um er að ræða mólél af rekstri BÁ m.v. að sett verði á stofn atvinnulið samhliða hlutastarfandi slökkviliði.

Áfram verður unnið að þessu módeli og niðurstöður kynntar stjórn og fulltrúaráði fljótlega.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 11.35

**Eyþór Arnalds, Ólafur Örn Ólafsson, Gunnar Þorgeirsson
Kristján Einarsson, Pétur Pétursson.**